

Myndasögusamkeppni

Myndasögusýning

í Borgarbókasafni

Skrípó 2010

Borgarbókasafn Reykjavíkur og Myndlistaskólinn í Reykjavík standa fyrir myndasögusamkeppni og -sýningu fyrir fólk á aldrinum 10-20+ ára.

Í tilefni af því að árið 2010 eru sextíu ár liðin síðan myndasaga Charlie Schulz, **Smáfólk** (Peanuts), birtist fyrst er þema keppinnar tileinkað dagblaðamyndasögum undir yfirskriftinni **“Skrípó: lítil saga í fáeinum römmum”**.

Hámarks lengd er 2 A4 blöð eða ein síða í A3 (öðru megin) og eru þátttakendur beðnir að nota frekar þykkan pappír en ekki venjuleg fjölritunarblöð til að tryggja að verkin verði fyrir sem minnstu hnjaski í upphengingu.

Vinnuaðferðin er algerlega frjáls og verkin geta hvort sem er verið myndasaga eða stök mynd með myndasögutema og / eða sem tengist myndasögum á einhvern hátt.

Þátttakendur eru beðnir að skila verkunum á Borgarbókasafnið, aðalsafn, Tryggvagötu 15, í umbúðum merktum: “Skrípó 2010”. Vinsamlega athugið að láta fylgja fullt nafn, fæðingarár, símanúmer og tölvupóstfang.

Skiladagur efnis er fimmtudagurinn 25. mars, en sýningin opnar í Grófarhúsi á sumardaginn fyrsta, 22. apríl.

Dómnefnd er skipuð þeim Birni Unnari Valssyni bókmenntafræðingi, Halldóri Baldurssyni myndasöguhöfundi og Lóu Hjálmtýsdóttur myndasöguhöfundi.

Upplýsingar veita Úlfhildur Dagsdóttir (ulfhildur.dagsdottir@reykjavik.is) og Þorbjörg Karlsdóttir (thorbjorg.karlsdottir@reykjavik.is), eða í síma: 4116100

Nánari upplýsingar á vef Borgarbókasafnsins, borgarbokasafn.is

MYNDLISTASKÓLINN
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART
Í REYKJAVÍK
BRINGURAUÐ 121 • 107 REYKJAVÍK • Sími 531 1990



Myndasögudeildir
Borgarbókasafns